

Ritryni fræðilegra greina í Iðjubjálfanum

Tímaáætlun og ferli



1. Handrit að grein ásamt upplýsingum um höfunda berst til fræðilegrar ritstjórnar sem skoðar hvort það hentar til ritryni (sjá leiðbeiningar til höfunda ritryndra greina og gátlista ritstjórnar)
2. Fræðileg ritstjórn sendir höfundi tölvupóst innan tveggja vikna frá því að handritið barst, þar sem kemur fram hvort handritið verður ritrynt eða hvort höfundur þarf að vinna það betur.
3. Ef handritið fer í ritryni velur fræðileg ritstjórn tvo ritryna til verksins.
4. Fræðileg ritstjórn sendir væntanlegum ritrynum fyrirspurn, í tölvupósti eða símleiðis, innan fjögurra vikna frá því að handritið barst.
5. Hafi væntanlegir ritrynar ekki svarað innan tveggja vikna skal fyrirspurnin ítrekuð og hringt í viðkomandi ef tölvupósti er ekki svarað.
6. Handrit og leiðbeiningar skulu komnar í hendur ritryna ekki síðar en sjö vikum eftir að handritið barst.
7. Ritrynar hafa fjórar vikur til að rýna handritið og skila henni til fræðilegrar ritstjórnar.
8. Fræðileg ritstjórn hefur tvær vikur til að ákveða niðurstöðu. Sé verulegur ágreiningur milli ritrynanna tveggja getur fræðileg ritstjórn leitað álits þriðja ritrynis.
9. Höfundur fær tilkynningu um niðurstöðu innan fjögurra mánaða frá því handritið barst fræðilegri ritstjórn.
10. Höfundur hefur þrjá mánuði til að yfirfara og lagfæra handrit.
11. Handriti er skilað aftur til fræðilegrar ritstjórnar sem tekur ákvörðun um hvort það þarf að fara aftur til annars eða beggja ritryna.
12. Líðir 7 og 8 eru endurteknir og ekki skulu líða nema sex vikur frá því handrit berst fræðilegri ritstjórn í annað sinn og þar til ritryningarferlinu hjá tímaritinu er lokið.
13. Fræðileg ritstjórn getur lagt til minni háttar breytingar á handritinu er lúta m.a. að orðanotkun og stíl.
14. Höfundur fær próförk til yfirlestrar áður en handritið fer í prentun.

Sjá nánar á mynd á næstu síðu.

